

Ár 1985, miðvikudaginn 2. janúar, var í málinu nr. 10/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 8. ágúst 1984, óskaði oddviti Norðurárdalshrepps eftir úrskurði nefndarinnar um það, hvort sumarhús í eigu Verkstjórafélagsins Þórs og Verkstjórasambands Íslands í landi Svartagils í Norðurárdalshreppi væru undanþegin fasteignaskatti.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er Verkstjórafélagið Þór stéttarfélag iðnlærðra verkstjóra í málm- og skipasmíðaiðngreinum. Félagið gætir hagsmuna félagsmanna og er í fyrirsvari við kjarasamninga. Tvö sumarhús eru í eigu félagsins og þau eru til afnota fyrir félagsmenn. Verkstjórasamband Íslands er heildarsamtök verkstjóra hér á landi. Eitt sumarhús er í eigu þeirra samtaka og til afnota fyrir félagsmenn.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 5.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. enn fremur 6.gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Er Verkstjórafélaginu Þór og Verkstjórasambandi Íslands því eigi skylt að svara fasteignaskatti af umræddum sumarhúsum.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Verkstjórafélaginu Þór og Verkstjórasambandi Íslands er eigi skylt að svara fasteignaskatti af ofangreindum sumarhúsum.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon